



SÓLKERFIÐ OKKAR



Sólkerfið okkar er nokkrir hnettir sem sveima fastir saman í ákveðnu kerfi. Sólin er í miðju kerfinu og í kringum hana ganga átta (8) plánetur á sporbaugum. Sporbaugur er eins og hringur sem er búið að toga aðeins í tvo enda. Í sólkerfinu eru líka tungl, halastjörnur og alls konar smásteinar og hnettir. Sólkerfið okkar er hluti af miklu stærra kerfi í alheiminum sem er kallað Vetrabrautin.



Hringur



Sporbaugur

1 Hvað er sólkerfi?


2 Hvað er sporbaugur?

3 Hvaða hnettir eru í sólkerfinu?

4 Í hvaða stóra kerfi er sólkerfið okkar?

5 Hvað veistu meira um sólkerfið okkar?

SÓLIN



Sólin er stjarna í miðjunni á sólkerfinu okkar. Hún er uppbyggð af brennandi gastegundum. Sólin er mikilvæg auðlind fyrir allt líf á jörðinni því hún veitir bæði birtu og hita sem er lífverum nauðsynleg. Hitastigið á sólinni er frá 5.600°C á yfirborðinu og allt að $15.000.000^{\circ}\text{C}$ í kjarnanum.

1 Er sólin pláneta?

2 Lýstu úr hverju sólin er gerð:

3 Hvar er sólin í sólkerfinu?

4 Af hverju er sólin mikilvæg fyrir lífverur?

5 Hvað veistu meira um sólina?

MERKÚR



Merkúr er plánetan sem er næst jörðu. Hún er minnsta plánetan og engin tungl eru í kringum hana. Yfirborðið á Merkúr er þakið gígum, svipað og á tungli jarðar. Það er bæði mjög heitt og mjög kalt á Merkúr.

1 Hvar í röðinni frá sólu er Merkúr?

2 Hvað hefur Merkúr mörg tungl?

3 Lýstu loftslaginu á Merkúr:

4 Hvað er Merkúr stór miðað við hinar pláneturnar?

5 Hvað veistu meira um Merkúr?

VENUS



Venus er önnur plánetan í röðinni frá sólu og henni fylgja engin tungl. Það er gríðarlegur hiti á Venus og þess vegna geta menn ekki kannað plánetuna. Þar eru líka flest eldfjöll í sólkerfinu. Venus er næsti nágranni jarðarinnar.

1 Hvar í röðinni frá sólu er Venus?

2 Hvað hefur Venus mörg tungl?

3 Hvar er Venus miðað við jörðina?

4 Lýstu veðurfari á Venus:

5 Hvað veistu meira um Venus?

JÖRÐIN



Jörðin er þriðja plánetan af átta sem snúast í kringum sólina. Hún er fimmta stærsta plánetan og um hana snýst eitt tungl. Á jörðinni er vatn, sól og næringarefni sem þýðir að lifandi verur geta búið á plánetunni á sjálfbæran hátt.

- 1 Hvar er jörðin í röð plánetanna frá sólu?

- 2 Hvað eru margar plánetur stærri en jörðin?

- 3 Hvað þýðir "á sjálfbæran hátt"?

- 4 Hvað þurfa lifandi verur til að geta búið á jörðinni?

- 5 Hvað veistu meira um jörðina?

TUNGLIÐ (VIÐ JÖRÐINA)



Tunglið er meira en 4,5 milljarða ára gamalt. Það gefur ekki frá sér birtu en varpar frá sér ljósi sem berst frá sólinni. Það tekur tunglið 27 daga að ferðast sporbauginn í kringum jörðina. 12 manneskjur hafa stigið fæti á tunglið.

1 Hvað er tunglið gamalt?

2 Í kringum hvaða plánetu snýst tunglið?

3 Hvað tekur það tunglið langan tíma að ferðast í kringum plánetuna sína?

4 Hvað hafa margar manneskjur komið á tunglið?

5 Hvað veistu meira um tunglið?

MARS



Mars er fjórða plánetann í röðinni frá sólu. Mars er næstminnsta plánetan í sólkerfinu og er helmingi minni en jörðin. Hæsta fjallið í sólkerfinu er samt á Mars og heitir Ólympus fjall. Í kringum Mars sveima tvö tungl. Yfirborð Mars er raudleitt vegna þess að jarðvegurinn þar er mjög járnríkur.

1 Af hverju er Mars raudur á litinn?

2 Hvað eru mörg tungli við Mars?

3 Hvor er stærri: Jörðin eða Mars?

4 Hvað er merkilegt við Ólympus fjall?

5 Hvað veistu fleira um plánetuna Mars?

JÚPÍTER



Júpíter er fimmta plánetan í röðinni frá sólu. Júpíter er kallaður "gasrisi" af því að hann er risastór kúla af lofttegundum og vökvum. Það er ekkert fast land á plánetunni! Í kringum Júpíter sveima 79 tungl. Plánetan er sú stærsta í sólkerfinu, Júpíter er 317 sinnum stærri en jörðin.

- 1 Hvað hefur Júpíter mörg tungl?


- 2 Hvar í stærðarröð plánetanna er Júpíter?

- 3 Er hægt að standa á yfirborði Júpíter?

- 4 Af hverju er Júpíter kallaður "gasrisi"?

- 5 Hvað veistu fleira um Júpíter?

SATÚRNUS



Satúrnus er næststærsta plánetan í sólkerfinu og sú sjötta í röðinni frá sólu. Satúrnus er kallaður "gasrisi" og er samsettur úr sömu efnum og Júpíter og sólin. Í kringum Satúrnus sveima 62 tungl. Hvítir blettir sem sjást á yfirborði plánetunnar eru gríðarlegir stormar. Í kringum Satúrnus eru hringir sem samsettir eru úr alls konar efnisögnum.

- 1 Hvað sveima mörg tungl í kringum Satúrnus?

- 2 Hvaða efni eru í hringjunum í kringum Satúrnus?

- 3 Hvað eru hvítu blettirnir sem sjást á yfirborð Satúrnusar?

- 4 Af hverju er Satúrnus kallaður Gasrisi?

- 5 Hvað veistu fleira um Satúrnus?
